

Miðvikudaginn 2. október 1985.

Nr. 178/1985. **Matthías Einarsson**

gegn

Gunnari A. Pálssyni

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Matthías Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 480,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Gunnari A. Pálssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 1.500,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. október 1985.

Nr. 161/1985. **Sjómannafélag Ísfirðinga**

gegn

Miðfelli h/f

Kærumál. Dómstólar. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili, Sjómannafélag Ísfirðinga, hefur samkvæmt heimild í b lið 1. töluliðar 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sbr. 22. gr. sömu laga, skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 3. maí 1985, sem barst Hæstarétti 1. júlí 1985. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Málsaðiljar voru ekki viðstaddir dómsuppsögu í héraði, en lögmaður kæranda kveður skrifstofu sína hafa fengið vitneskju um dóminn 19. apríl 1985, og sjálfur kveðst lögmaðurinn fyrst hafa fengið vitneskju um hann 22. sama mánaðar. Telja verður fullnægt tímaskilyrði 22. gr. laga nr. 75/1973.

Varnaraðili, Miðfell h/f, krefst staðfestingar hins kærða dóms og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber sóknaraðilja til þess að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður. Sóknaraðili, Sjómannafélag Ísfirðinga, greiði varnaraðilja, Miðfelli h/f, 10.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 9. apríl 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum aðalflutningi 28. mars 1985, höfðaði Sjómannafélag Ísfirðinga, nnr. 8134-6984, gegn Miðfelli h/f í Hnífsdal, nnr. 6574-2845, fyrir bæjarþingi Ísafjarðar með stefnu, birtri 27. apríl 1984.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 8.054,90 með 45% ársvöxtum frá 1. apríl 1983 til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 2. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eftir framlögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefst stefndi sýknu. Þá krefst stefndi þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

I.

Samkvæmt 14. gr., IV a-lið, kjarasamnings milli Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða um kaup og kjör háseta, mat-sveina og vélstjóra frá 3. október 1977 skulu skipverjar á skuttogurum hafa þriggja sólarhringa hafnarfrí á mánuði frá 1. september til 30. apríl, enda séu skip á veiðum fyrir heimamarkað. Hvert hafnarfrí skal aldrei vera skemmri tími en 24 klst., og skulu þau öll miðast við heimahöfn skipsins. Samningur þessi var framlengdur með samningi sömu aðilja 24. apríl 1980 með þeirri breytingu að þessu leyti, að frá janúar til apríl skal hvert hafnarfrí vera 30 klst.

Óumdeilt er, að í febrúar 1983 hafi hafnarfrí á skuttogaranum b.v. Páli Pálssyni, ÍS-102, eign stefnda, verið sem hér segir:

<i>Tilkynning í höfn: Tilkynning úr höfn: Tímasetning tilkynningar:</i>			<i>Hafnarfrí:</i>
04.02.	kl. 14:00	14:00	
	05.02.	kl. 20:57	20:57
			30.57 klst.
16.02.	kl. 06:55	06:35	
	17.02.	kl. 14:00	14:10
			31.05 klst.
28.02.	kl. 19:00	19:30	

Samkvæmt þessu stóð þriðja og síðasta hafnarfrí á þessum skuttogara einungis 5 klst. af febrúarmánuði, en árið 1983 var ekki hlaupár. Löndun hófst svo 1. mars, en ekki er ágreiningur um, að skipið hafi að þessu sinni verið í höfn a.m.k. 30 klst.

Samkvæmt skriflegum yfirlýsingum áhafnar b.v. Páls Pálssonar, ÍS-102, og skipstjóra, Guðjóns A. Kristjánssonar, á dskj. nr. 10 og 11, sem ekki hefur verið andmælt, óskuðu skipverjar eftir því, að ekki yrði komið fyrir að landi í febrúarlök 1983 en raun var á, enda höfðu þeir af því fjárhagslegan ávinning, að ekki yrði landað fyrir en 1. mars, en samkvæmt tilkynningu frá Verðlagsráði sjávarútvegsins nr. 4/1983 skyldi fiskverð hækka þann dag. Um það virðist ekki vera ágreiningur, að útgerð skipsins hafi hvergi nærri þeirri ákvörðun komið. Skrifleg yfirlýsing stjórnarformanns, Jóakims Pálssonar, á dskj. nr. 15 styður og þá niðurstöðu, enda hefur henni ekki verið mótmælt sem rangri. Þar segir, að Miðfell h.f. hafi áður lagt skýr og ótvíræð fyrirmæli fyrir skipstjóra b.v. Páls Pálssonar, ÍS-102, að teygja ekki túra fram á nýtt fiskverðstímabil, ef þá næðust ekki samningsbundin hafnarfrí.

II.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Samkomulag varð um það milli aðilja og dómara að flytja málið í einu lagi um

formhlið og efni, sbr. 2. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936. Málflutningi var hins vegar skipt þannig, að fyrst var fjallað sérstaklega um frávisunarkröfu stefnda, en síðan í annarri umferð um efnisþætti málsins. Verður nú frávisunarkrafa stefnda tekin til úrlausnar.

Stefndi byggir frávisunarkröfu sína á því, að samkvæmt 2. lið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 47. gr., skuli Félagsdómur dæma í málum, sem rísa út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans, og í málum, sem koma upp vegna meintra vanefnda á slíkum samningi. Hafi Félagsdómur nokkrum sinnum dæmt í slíkum málum vegna krafna um greiðslu févítis samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Ágreiningsefni máls þessa falli undir dómasvið Félagsdóms og krefjist stefndi því frávisunar með hliðsjón af 68. gr. einkamálalaga nr. 85/1936. Við munnlegan flutning lagði lögmaður stefnda áherslu á, að í þessu máli væri deilt um skilning á kjarasamningi og meinta vanefnd á honum. Það væri ekki á valdi bæjarþings að skýra „kollektivan“ samning eins og kjarasamning. Um mismunandi skilning aðilja á ákvæðum þágildandi kjarasamnings bendir stefndi á, að þrjú hafnarfrí hafi verið veitt á b.v. Páli Pálssyni, ÍS-102, eins og skylt hafi verið, og því hafi ákvæði 14. gr., IV, kjarasamningsins verið fullnægt. Stefndi telur það ekki réttan skilning á þessu ákvæði, að hafnarfrí skuli lokið, áður en mánuðurinn er úti, eins og stefnandi haldi fram. Til þess að svo væri, hefði það að álitum stefnda þurft að koma berlega fram í orðum ákvæðisins, sem það ekki geri.

Stefnandi krefst þess, að frávisunarkröfu stefnda verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður fyrir þennan þátt málsins. Við munnlegan flutning benti lögmaður stefnanda á, að ákvæði 2. t.l. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur fæli í sér sérreglu, undantekningu frá hinni almennu reglu, og bæri að skýra hana þrengjandi lögskýringu. Miða skyldi við aðalregluna um dómsögu almennra dómstóla, ef nokkur vafi þætti á leika. Lögmaður stefnanda lagði áherslu á, að það væri hin formlega framsetning á kröfugerð, sem ætti að ráða því, hvort mál bæri undir Félagsdóm eða almenna dómstóla. Ef fjárkrafa væri uppi höfð í máli, ættu almennir dómstólar að jafnaði að fjalla um það. Þeir gætu þó jafnframt þurft að skýra ákvæði kjarasamninga, eins og t.d. í málum um vinnulaunakröfur. Í málum, sem Félagsdómur dæmdi, væri fjárkrafa hins vegar afleidd eða „sekunder“ og væri þar fyrst og fremst skorið úr ágreiningi um skilning á kjarasamningum. Lögmaðurinn taldi, að vegna hinnar formlegu framsetningar kröfugerðar stefnanda væri óheimilt að vísa því frá bæjarþingi Ísafjarðar, þótt ef til vill mætti segja, að eðlilegra hefði verið að reka málið fyrir Félagsdómi.

Um skilning stefnanda á ákvæðum 14. gr., IV, hins umrædda kjarasamnings sagði lögmaður hans, að það nægði ekki, að hafnarfrí hæfist í mánuð-

inum, heldur þyrfti því að vera að fullu lokið, áður en mánuðurinn væri á enda. Lögmaðurinn hélt því fram, að niðurlag yfirlýsingar stjórnarformanns stefnda á dskj. nr. 15, sem fyrr er vitnað til, benti til sama skilnings á kjarasamningnum að þessu leyti og stefnandi héldi fram. Hið sama mætti ráða af kröfum Alþýðusambands Vestfjarða frá 21. mars 1985 á dskj. nr. 16 um breytingar á samningi um kaup og kjör sjómanna, dags. 14. júní 1984, og bréfi Útvegsmannafélags Vestfjarða 22. mars 1985 á dskj. nr. 17 til Alþýðusambands Vestfjarða. Hjá báðum þessum aðiljum virtist við það miðað, að sú breyting yrði gerð á kjarasamningum aðilja, að framvegis skyldi vera leyfilegt að flytja eitt hafnarfrí milli mánaða.

III.

Það er ljóst, að yrði dómkrafa stefnanda tekin til greina, myndi það fela í sér viðurkenningu dómsins á þeim skilningi á 14. gr., IV, kjarasamnings Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða frá 3. október 1977 með síðari breytingum og framlengingu, að nauðsynlegt væri, að þriðja hafnarfríi í mánuði lyki fyrir lok hvers mánaðar, og mætti það því ekki teygjast fram í þann næsta. Það verður að telja, að það sé verkefni Félagsdóms samkvæmt 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur að skera úr slíkum ágreiningi um skilning á kjarasamningi. Þá er einnig rétt að hafa í huga, að almenn fjárkrafa er ekki uppi höfð í málinu, heldur er krafist févítis samkvæmt ákvæði kjarasamnings, og myndi tiltekin fjárhæð á grundvelli þess renna í félagssjóð stefnanda, ef dæmd yrði. Samkvæmt þessu ber að vísa málinu frá dómi með hliðsjón af 68. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 47. gr. laga nr. 80/1938.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir ekki ástæða til þess að rekja máls-ástæður og lagarök aðilja um efnispætti málsins umfram það, sem gert hefur verið.

Pétur Kr. Hafstein bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.